

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2255/96

frá 19. nóvember 1996

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1107/70 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum(*)**RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 1. lið 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1107/70 ⁽⁴⁾ er kveðið á um að aðildarríkjunum sé heimilt að veita aðstoð sem ætlað er að stuðla að þróun hagkvæmari flutningakerfa og -tækni fyrir samfélagið í heild og þróun samsettra flutninga.

Kostnaður við að ferma og afferma er umtalsverður hluti heildarflutningskostnaðar á skipgengum vatnaleiðum. Mikilvægt er fyrir þróun flutninga á skipgengum vatnaleiðum að lagt sé í verulegar fjárfestingar til þess að auka afkastagetu fermingar- og affermingarmannvirkja og -búnaðar fyrir stöðvar á skipgengum vatnaleiðum og til þess að þau fullnægi betur nútímakröfum um skipulag flutninga. Mikilvægt er í þessu skyni að viðkomandi fyrirtæki geti fengið aðstoð frá aðildarríkjunum eða úr ríkissjóði.

Samræma ber skilyrði fyrir veitingu þessarar aðstoðar við þróun flutninga á skipgengum vatnaleiðum og leggja með reglulegu millibili mat á áhrifin sem aðstoðin hefur.

Veita ber aðstoðina nógu lengi til þess að umrædd fjárfesting geti náð tryggri markaðsstöðu og stuðlað að nýrri umferð á skipgengum vatnaleiðum. Ráðinu ber að taka ákvörðun um það skipulag sem skal gilda síðar meir.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 318, 29. 11. 1995, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 39, 12. 2. 1996, bls. 96.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 13. febrúar 1996 (Stjtið. EB nr. C 65, 4. 3. 1996, bls. 33), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. júní 1996 (Stjtið. EB nr. C 264, 11. 9. 1996) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. september 1996 (Stjtið. EB nr. C 320, 28. 10. 1996).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 130, 15. 6. 1970, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3578/92 (Stjtið. EB nr. L 364, 12. 12. 1992, bls. 11).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**Stök grein**

Eftirfarandi bætist við 1. lið 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1107/70:

„f) fram til 31. desember 1999, ef aðstoðin er veitt tímabundið og henni er ætlað að stuðla að þróun flutninga á skipgengum vatnaleiðum, enda sé aðstoðin annaðhvort í formi:

- fjárfestinga í grunnvirkjum stöðva á skipgengum vatnaleiðum; eða
- fjárfestinga í föstum eða hreyfanlegum tækjabúnaði sem er nauðsynlegur til að ferma og afferma.

Veitt aðstoð skal ekki vera meiri en 50% af heildarfjárfestingum.

Með aðstoðinni er stefnt að því að auka tonnatölu nýrra flutninga og bæta við þá sem fyrir eru á skipgengum vatnaleiðum. Styrkþegar skulu virða það skipulag sem viðkomandi aðildarríki samþykkir og ábyrgjast að fjárfestingarnar verði að veruleika.

Annað hvert ár skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um þann árangur sem ráðstafanirnar hafa skilað í framkvæmd, þar sem sérstaklega er getið um tilgang með aðstoðinni, upphæð hennar og áhrif á flutninga á skipgengum vatnaleiðum. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að taka skýrsluna saman.

Ráðið skal, eigi síðar en 31. júlí 1999 og að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og samkvæmt þeim skilyrðum sem sáttmálinn kveður á um, taka ákvörðun um það skipulag sem skal gilda síðar meir eða, þar sem það á við, um skilyrði fyrir því að skipulagið sé numið úr gildi.“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. nóvember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

H. COVENEY

forseti.